

Starfsreglur endurskoðunarnefndar

1.gr. Markmið

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs skipar endurskoðunarnefnd í samræmi við 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, gildandi reglur og leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða stjórn sjóðsins að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við gerð og birtingu reikningsskila, innra eftirlit, áhættustýringu og endurskoðunarferlið. Nefndin er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á störfum nefndarinnar.

2.gr. Nefndarmenn

Stjórnin skipar nefndarmenn og ákveður þóknun þeirra. Þeir eru skipaðir til jafnlangs tíma og stjórn sjóðsins og eru skipaðir eigi síðar en mánuði eftir fyrsta fund nýrrar stjórnar.

Endurskoðunarnefndin er skipuð þremur einstaklingum, þar af skal meirihluti nefndar vera óháður sjóðnum, stjórnendum og öðru starfsfólki.

Sérhver nefndarmaður skal búa yfir þekkingu og hæfni í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og hæfni á sviði endurskoðunar eða reikningsskila.

3.gr. Heimildir

Nefndin hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan sjóðsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar. Nefndin hefur heimild til að;

- afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlega til að sinna sínu hlutverki. Ráðgjafarþjónusta ber að kynna fyrir formanni sjóðsins en slíkur kostnaður skal rúmast innan fjárhagsáætlunar sjóðsins.
- gera kröfu um að einstaka starfsfólk sjóðsins taki þátt í fundum nefndarinnar og veita þær upplýsingar sem óskað er eftir.
- hafa óheftan aðgang að innri og ytri endurskoðendum sjóðsins.

4.gr. Ábyrgð

Endurskoðunarnefnd er samskiptaaðili milli stjórnar sjóðsins, stjórnenda hans, innri og ytri endurskoðenda í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefna sem tengjast hlutverkum nefndarinnar.

5.gr. Fundarstörf

Nefndin fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári. Meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu. Nefndin ákveður hvort að hún boði stjórnendum sjóðsins og/eða innri og ytri endurskoðendum á fundi. Fundargerðir eru skriflegar og varðveittar í númeraröð og samþykktar af fundarmönnum og afrit þeirra lagðar fyrir stjórn. Nefndin getur fengið aðstoð frá starfsfólki sjóðsins til að rita fundargerðir hennar. Formaður nefndarinnar undirbýr dagskrá funda. Árlega fundar nefndin með innri endurskoðendum, ytri endurskoðendum og sviðsstjóra áhættustýringar án þess að starfsfólk sjóðsins er viðstatt.

6.gr. Hlutverk

Hlutverk endurskoðunarnefndar eru eftirfarandi:

Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu

Nefndin hefur eftirlit með því að stjórn sjóðsins tryggji með stefnu sinni og verklagsreglum að sjóðurinn skjali innra eftirlit á þann hátt að innleiddar eftirlitsaðgerðir séu tengdar þeim áhættum sem þeim er ætlað að verja eða draga úr. Nefndin yfirfer hvort innra eftirlit, áhættustýring og innri endurskoðun virki sem skyldi og fylgir úrbótum eftir.

Auk þess að meta fyrirkomulag og virkni áhættustýringar kannar nefndin hvort sjóðurinn starfi innan áhættustefnu og áhættuvilja stjórnar við yfirferð á eigin áhættumati og kemur með ábendingar til stjórnar ef þurfa þykir. Nefndin fer yfir störf innri endurskoðunar og skipulag, ásamt því að meta hæfni og fagleg úrræði. Þá fer nefndin yfir endurskoðunaráætlun ársins áður en hún er lögð fram fyrir stjórn til samþykktar, yfirfer niðurstöður innri endurskoðunar ársins og kannar viðbrögð stjórnenda við þeim.

Formaður endurskoðunarnefndar tekur við ábendingum um sviksemi (e. whistleblower) og gerir stjórn grein fyrir þeim málum sem koma til vitundar nefndarinnar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila

Nefndin fer yfir reikningsskil og helstu álitafni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnendum sjóðsins áður en stjórn samþykkir þau. Nefndin veitir eftir atvikum ráðleggingar og/eða leggur fram tillögur að umbótum við reikningsskilaferlið til að tryggja gæði reikningsskilanna, þ.m.t. heilindi upplýsinga í skýrslu stjórnar og ófjárhagslegra upplýsinga. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp á milli stjórnenda og endurskoðenda varðandi reikningsskilin.

Mat á óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans fyrir sjóðinn

Nefndin aflar staðfestingu á óhæði endurskoðanda og aflar upplýsinga um aðra þjónustu sem endurskoðandinn veitir sjóðnum og leggur mat á hvort sú þjónusta geti haft áhrif á óhæði hans. Nefndin kannar hvort endurskoðunarfyrirtækið birti árlega á vefsíðu sinni skýrslu um gagnsæi, sbr. 29. gr.laga nr. 79/2008, um endurskoðendur.

Eftirlit með endurskoðun ársreiknings sjóðsins

Nefndin fundar með endurskoðendum sjóðsins og fer yfir endurskoðunaráætlun og metur umfang hennar áður en hún er lögð fram til stjórnar til samþykktar. Nefndin fer yfir helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, kannar hvort sérstök atriði hafi komið upp við endurskoðunina, hvort ágreiningur hafi komið upp á milli þeirra og stjórnenda og hvort að endurskoðendur hafi fengið þann aðgang að upplýsingum sem þeir óskuðu eftir. Nefndin fer yfir endurskoðunarskýrslu áður en hún er lögð fyrir stjórn félagsins. Í skýrslunni eiga að koma fram mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina og sérstaklega er gerð grein fyrir veikleikum í innra eftirliti við gerð reikningsskila. Nefndin skal leitast við að leysa ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við endurskoðunina.

Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar

Árlega gerir nefndin skýrslu til stjórnar um störf og niðurstöður verkefna hennar á árinu.

Setur fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðunarfyrirtæki

Nefndin setur fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Mat á störfum nefndarinnar

Samhliða árlegu sjálfsmati stjórnar metur endurskoðunarnefnd störf sín, verklag og starfshætti. Árangursmat sem framkvæmt er með aðstoð utanaðkomandi aðila skal að jafnaði framkvæmt eigi sjaldnar en annað hvert ár. Í árangursmati leggur endurskoðunarnefnd mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og hugar að þeim atriðum sem hún telur að betur megi fara. Niðurstöður árangursmats eru nýttar til að bæta störf nefndarinnar. Jafnframt er þekking og reynsla nefndarmanna kortlögð og lagt mat á hvernig samsetningin fellur að þörfum sjóðsins.

Yfirferð yfir starfsreglur nefndarinnar

Nefndin yfirfer starfsreglur þessar a.m.k. árlega og metur þörf fyrir breytingar á þeim. Í framhaldi af þeirri yfirferð getur nefndin gert tillögu til stjórnar um viðeigandi breytingar á reglunum.

7.gr. Annað

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt að látið sé af starfi.

8.gr. Gildistaka og birting

Reglur þessar taka í gildi við undirritun stjórnar sjóðsins og eru birtar á vefsíðu sjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundi Brúar lífeyrissjóðs 2. september 2024.